



Húnathing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Umhverfissráðuneytið
Skuggasundi 1-3
150 Reykjavík

Hvammstangi, 12. ágúst 2019
Tilvísun: 1812025

Efni: Umsögn byggðarráðs Húnatings vestra um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. S-135/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

Á 1008. fundi byggðarráðs Húnatings vestra þann 12. ágúst 2019var eftirfarandi fært til bókar við 5. lið:

„1812025 Umsögn um verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, mál nr. S-135/2019 í samráðsgátt stjórnvalda.

Lögð fram eftirfarandi tillaga að bókun:

„Byggðarráð Húnatings vestra vill áréttta að það er ósk þess að land innan marka sveitarfélagsins verði ekki hluti fyrirhugaðs þjóðgarðs á miðhálandinu.

Byggðarráð Húnathing vestra vill benda á að samkvæmt lögum er skipulagsvald, þ.e. vinnsla og samþykkt svæðis-, aðal- og deiliskipulags á höndum sveitarfélaga. Það er því ekki í verkahring ráðherraskipaðrar nefndar að hafa með beinum hætti áhrif á skipulag sveitarfélaga með því að gera tillögu að legu þjóðgarðs á miðhálandinu innan marka þeirra.

Í fyrirleggjandi tillögu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu felst skerðing á skipulagsvaldi sveitarstjórna með færslu þess til stjórnunar- og verndaráætlana. Þannig eru áhrif sveitarfélaga til þess að móta sér stefnu um uppbyggingu innviða, landnýtingu og landvernd innan marka þeirra verulega takmörkuð. Byggðarráð Húnatings vestra bendir á að stjórnunar- og verndaráætlanir geta ekki takmarkað skipulagsvald sveitarstjórna.

Þjóðlendur innan marka Húnatings vestra eru í afréttareign og því fylgir upprekstrar- og veiðiréttur auk annarra nýtingarréttinda. Byggðarráð Húnathing vestra vill áréttta mikilvægi þess að upprekstrar- og nýtingarréttur haldist um alla framtíð. Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður nýting afréttta og ýmiskonar starfssemi háð stjórnunar- og verndaráætlunum. Stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu hefur þannig í för með sér skerðingu á nýtingarrétti íbúa sveitarfélagsins og takmörkun á rétti þeirra til umferðar um land innan marka þess. Einnig er líklegt að setning atvinnustefnu innan þjóðgarðs valdi verulegum takmörkunum á tekjuöflun vegna starfsemi innan marka hans.

Tillaga nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands felur í sér verulega skerðingu á valdheimildum sveitarfélaga og réttindum íbúa þeirra. Tillaga nefndarinnar hvað varðar mörk þjóðgarðs á miðhálandinu virðist fyrst og fremst tilkomin til þess að styrkja eignar- eða ráðstöfunarrétt ríkisins yfir landi í hálandi Íslands“.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.“

Virðingarfyllt,

Guðný Hrunn Karlsdóttir, sveitarstjóri

